

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga, nr. 20/1954.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Einar Már Sigurðarson, Jóhann Ársælsson,
Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 119. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Nú er það sannað með vottorði læknis að sá sem óskað er eftir að slysa- eða sjúkra-
trygging taki til hefur að fullu náð sér af afleiðingum slyss sem hann hefur orðið fyrir eða
sjúkdóms sem hann hefur átt við að stríða, og er þá félaginu óheimilt að neita honum um
slysa- eða sjúkratryggingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 119. gr. núgildandi laga um váttryggingarsamninga, nr. 20/1954, segir að váttryggingu
megi taka gegn slysum og sjúkdómum, hvort heldur er váttryggjanda sjálfs eða þriðja manns.
Tryggingafélög hafa um langa hríð haft þann hátt á að neita einstaklingum um slysa- eða
sjúkratryggingar sem hafa orðið fyrir alvarlegum slysum eða átt við skæða sjúkdóma að
stríða. Mat tryggingafélaganna hefur verið að áhættan af því að veita þeim slysa- eða sjúkra-
tryggingar væri of mikil, auk þess sem iðgjöld fyrir slíkar tryggingar yrðu svo há að þeir sem
helst þyrftu á þeim að halda hefðu ekki efni á að taka þær.

Sé málum hins vegar þannig farið að sá sem óskað er eftir að slysa- eða sjúkratrygging
taki til geti lagt fram vottorð læknis um að hann hafi algerlega náð sér af afleiðingum slyss
sem hann hefur orðið fyrir eða sjúkdóms sem hann hefur átt við að stríða eiga þessi rök ekki
lengur við. Ástæðulaust er fyrir tryggingafélög að neita heilbrigðum einstaklingum um slysa-
eða sjúkratryggingar. Í þessu tilviki verður jafnframt að hafa í huga ákvæði 1. kapítula laga
um váttryggingarsamninga, nr. 20/1954, en þar er að finna reglur sem geta leyst félag frá
ábyrgð ef einstaklingur hefur gefið rangar upplýsingar um atvik sem ætla má að máli skipti
fyrir félagið, eða leynt slíkum atvikum. Verði frumvarp þetta að lögum mun það því ekki
koma í veg fyrir að hægt verði að hafna beiðni um slysa- eða sjúkratryggingar á öðrum for-
sendum en þeim sem um ræðir í frumvarpinu.